

Greindin sem glutraðist niður. Vísinda- og menningarkreppan. IX: Greindin og stríðið gegn körlum

Það hlýtur að vekja ákveðna undrun og skelfingu jafnvel, að svo sé komið vísindunum, sem lýst var hér að framan. Ætla má, að verulegur hluti þeirra rannsóknaniðurstaðna, sem almúginn og þjónar hans, t.d. heilbrigðisstarfsmenn og stjórnámálamenn, taka mark á, sé ómarktækur.

Það ætti líka að vekja ugg, að í byrjun áttunda áratugs síðustu aldar – um það leyti sem greindin fór að glutrast niður – hófst stríðið gegn körlum við æðri menntastofnarnir á Vesturlöndum, drifnar áfram af ofstækisfullum kvenfrelsurum.

Fjöldi kennara og nemenda af karlkyni hefur verið útskúfað. Samtímis náði sú hugdetta fótfestu við æðri menntastofnanir, rannsóknastofnanir og í opinberri stjórnarsýslu, að bæta skyldi konum upp kúgun karla í 100.000 ár eða svo, með því að hygla kvenkyni á flestum sviðum.

Þetta hefur haft þær afleiðingar, að kröfur til umsækjanda um stöður hafa verið lækkaðar og síðri kröfur gerðar til kvenna. Samtímis hefur karlnemendum við háskóla fækkað niður í fjórðung nemenda og kvenfrelsunar- og harmkvælafræði (woke) fer eins og eldur í sinu um menntastofnanir.

Í rannsókn á fjölda vísindagreina, sem lagðar voru til grundvallar veitingar 1345 prófessorsembætta í Svíþjóð, kom í ljós, að karlar höfðu í þessu efni miklu meira til brunns að bera, bæði í lækna- og samfélagsvísindum. Konum er sem sé beinlínis hyglað og þægt við æðri menntastofnanir.

Í vandaðri bandaríski rannsókn var skoðað gildi kyns við ráðningar á sviði líffræði, verkfræði, hagfræði og sálfræði, við 371 háskóla víðs vegar um Bandaríkin.

Niðurstaðan var á þá leið, að konur voru tvöfalt oftár ráðnar til starfana en karlar, jafnir að verðleikum. Konur völdu heldur fráskildar mæður en gifta feður. Karlar völdu mæður, sem tóku orlof, fram fyrir „vinnuþjarkana.“ Samkvæmt ofangreindum rannsóknum má ljóst vera, að stutt sé við bakið á konum, sem sækja sér frama í æðri menntastofnunum.

Garrett Ward Sheldon, heiðursprófessor við Háskólann í Virginíu, í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, lítur um öxl. Hann segir á þessa leið:

Harmkvælahyggjan (woke) eða „frjálslyndisréttrúnaðurinn“ í stjórnmálum (political correctness), hefur unnið tjón á æðri menntun, sérstaklega í forsetatíð Barrack Obama.

Rétttrúnaðurinn kemur í stað frjálsrar og margþættrar umræðu, jákvæðni og umburðarlyndis í vísindasamfélaginu. Rétttrúnaðurinn er áþekkur tjáningarhelsi nasistanna. Í stað hollrar umræðu kemur einsleitur stjórnárátttrúnaður. Því er haldið fram, að vestræn menning sé í raun kynþáttahatur, kynfólkska og óréttlát heimsvaldastefna.

Því má ekki orði halla um „verndaða hópa“ eins og konur, samkynhneigða, ólöglega innflytjendur, Múhameðstrúarmenn og fl. Þessir hugmyndafræðingar hafa meira eða minna lagt undir sig félags- og hugvísindi við bandaríska háskóla (og sömuleiðis þekktustu samtök háskólamanna, tímarit og eftirsóttustu verðlaunin).

Þessi hugsanagangur skaut rótum og öðlaðist gildi sem vopn væri með útvíkkun IX greinar laga um jafnrétti í skólum, sem fjármagnaðir eru að öllu eða sumu leyti af alríkisstjórninni.

Það var að miklu leyti ólöglegur og ólýðræðislegur gjörningur. Hann felur m.a. í sér jafnar fjárveitingar til íþrótta karla og kvenna, hvor sem kynjunum hugnast hlutaðeigandi íþrótt eða ekki. Hugmyndafræðibrellan var sú að leggja „mismunun“ að jöfnu við „áreitni.“

Þar var ekki látið staðar numið. Hugtakið „áreitni“ bólgnaði. Inntak þess tók nú einnig til „yrtar eða munnlegrar“ áreitni. Það leiddi til ritskoðunar og refsingar fyrir hvaðeina tal, sem einhverjum datt í hug að væri móðgandi eða ótækt.

Á grundvelli IX greinar voru settar á laggirnar stofnanir á borð við „Hegðunarskrifstofu,“ „Auðsveipniskrifstofu“ (Compliance), „Fjölbreytniskrifstofu“ og „Meðveru- og karlmennskuafvæðingarskrifstofu“ (inclusion and demasculinization). Starfsemi þeirra brá einnig til hátta nasista; eftirlits, skyldutilkynninga, yfirheyrslna (án lagastoðar), áminninga, brottrekstrar og uppsagna.

Á síðustu árum hefur bæst við nýr rétttrúnaður, þ.e. um hamfarahlýnun, sem beitt hefur verið eins og kvenfrelsunartrúarbrögðunum til að flæma burtu sjálfstæða vísindamenn, yfirleitt karlmenn. Háskólarnir hafa að miklu leyti þróast í átt að pöntunarfélögum, þar sem panta má tiltekna „vísindalegar“ niðurstöður.

Hvar er skýringa að leita? Fjöldi háskóla vestanhafs eru í eigu auðjöfra. Þeir styrkja einnig háskóla, jafnt sem fjölmiðla. Það á einnig við um fagtímarit. Sum þeirra, einkum á sviði heilbrigðisvísinda og tækni, eru beinlínis háð auðmannastyrkjum.

Það eru almæli í heimi vísindanna, að rannsóknaniðurstöður séu pantaðar eins og raunin var í covid-19 faraldrinum. Það er einnig alkunna, að þekktir vísindamenn skrifi

undir rannsóknir, sem þeir hafa ekki tekið þátt í. Hagsmunaaðiljar greiða þóknunina. Það er alltof algengt, að þeir stjórni rannsóknaverkefnum og -niðurstöðum.

Í grundvallaratriðum eru það sömu aðiljar, sem styrkja niðurbrotsstarf í samfélaginu og stjórna æðri menntun, útgáfum og fjölmiðlum. Kvenfrelsunarhreyfinginn komst fyrst á legg með styrkjum úr auðmannasjóðum. Hún hefur í Bandaríkjunum átt trausta stoð í Lýðræðisflokknum (Demókrötum), sem beitt hefur sér fyrir karlfjandsamlegum stefnumálum hreyfingarinnar á þinginu og á alþjóðavettvangi.

Lýðræðisflokkurinn og kvenfrelsararnir hafa að töluverðu leyti sömu bakhjarla, rétt eins og félagsbyltingarhreyfingar á borð við „Líf blakkra skiptir máli“ (Black Lives Matter) og hina ögafullu samskipunarkvenfrelsunarhreyfingu (intersectional), sem hinseginhreyfingin er sprottin upp úr.

Markmið þessara aflu er niðurbrot samfélagsins til að „endurbyggja betur“ (build back better) og tryggja hina miklu „Endurræsinguna“ (The Great Reset), sem boðuð hefur verið af samtökum auðkýfinga, stjórnámálanna og nokkurra ríkisstjórna. Hið endurræsta alþjóðasamfélag skal lúta alheimsstjórn Alheimsefnahagsráðsins, sem er framkvæmdaraðilji við undirbúninginn, m.a. að snjallborgunum.

Fransk-bandaríski sagnfræðingurinn, Jacques Martin Barzun (1907-2012) skrifaði merkilega bók um sögu menningarinnar, „Frá upphafi til úrkynjunar. Fimm hundruð ára saga vestrænnar menningar“ (From Decadence to Decadence: 500 years of Western Cultural life). Bókin kom út árið 2000. Jacques skrifar um úrkynjunina:

„[Þ]að er mikið um að vera [og fólk hefur] djúpristar áhyggjur. En vanstillingin er skringileg, þar sem engin skýr framför er í sjónmáli. Tap tækifæra blasir við. Tilbrigði við list og líf virðast uppurin, þróunarskeiðin á enda runnin, starfsemi stofnana höktir. Afleiðingar eru óbærilegar, endurtekning og örvænting. Leiði og þreyta eru magnþrungnir aflvakar sögunnar.“ (Hann getur ekki stillt sig um að stríða kvenfrelsurunum ögn og notar því orðið „Man“ um mannkyn.)

Jacques segir ennfremur: „Vestrænar þjóðir eyða biljónum í almenna skólagöngu, hvattar til dáða af kröfu almúgans um ágæti (excellence). Samt sem áður veitist samfélagið að hverjum þeim, sem skarar fram úr og sakar um úrvalsdýrkun (elitism).

Sömu þjóðir harma ofbeldi og lauslæti í fari ungmenna sinna, en leyfa engu að síður ofbeldi í kvikmyndum og bókum, klúbbum og búðum, sjónvarpi, dægurlagatextum og á veraldarvefnum, til að varðveita „markaðsfrelsi hugmyndanna.““

Síðustu hálfu öldina eða svo, hefur kvenfrelsunarhugmyndafræðin smogið inn í huga fólks eins og hver önnur trúarbrögð. Kanadíska enskuprofessorinn, Janice Fiamengo, tekur svofelldt uppgjör við mannskemmandi kvenpíslarvættistrúarbrögð:

„Kvenfrelsunhreyfingin var aldrei heilbrigð. Hún var aldrei laus við djúprætta óvild og biturð gagnvart körlum; hún hékk eins og hundur á roði á þeirri sannfæringu, að konur væru fórnarlömb karlrándýrsins; lét aldrei hjá líða að eyðileggja fjölskylduna; staðhæfingar um félagslega stöðu kvenna voru ævinlega lausar í reipunum; alltaf tilbúin til að hallmæla körlum á hinn grimmdarlegasta hátt, án nokkurrar samúðar; og hún lét aldrei í ljósi mætur á körlum eða viðurkenningu á framlagi þeirra til samfélagsins, að þeir hefðu af ástriki, umhyggju og alúð í þeirra garð, samið lög eða sett á laggirnar félagslegan aðbúnað (social instrument), sem elfst hafði um árabíl. Hreyfingin var ævinlega karlfjandsamleg inn í merg og einkenndist af karlhatri og ámæli.“

Vestræn menning stefnir fram af hengiflugi eins og hámenning Grikkja (Myceanaen) um 1200 f. Kr. og Kínverja á þriðju öld, gerðu. Innbyrðis óeirðir og brenglun gilda, skiptu vafalítið meginmáli í Grikklandi. Svipuð þróun virðist hafa átt sér stað í Kína á tímum Han keisaraættarinnar. Þá var slakað á menntunarkröfum til stjórnenda samfélagsins.

Evrópsk lærdómsmenning hlaut sömu örlög með falli rómverskrar menningar á fimmtu öld, þegar skólar lognuðust út af, og endanlegu falli grískrar menningar, þegar æðri menntastofnunum í Aþenu var skellt í lás um tveim öldum síðar. Þá tóku Arabar við eins og Austur-Asíubúar gera nú.

Verum minnug orða hins mikla tékkneska rithöfundar og frelsishetju. Václav Havel (1936-2011): Þeir, sem í lyginni lifa, eru lygurunum samsekir.

https://www.information.dk/debat/2008/02/feminismen-problemet-loesningen?lst_cntrb

https://www.jamesgmartin.center/2023/02/social-justice-restrictions-on-research-harm-all-of-us/?utm_source=NAS+Email+General&utm_campaign=911178eb16-EMAIL_CAMPAIGN_2023_02_02_01_29&utm_medium=email&utm_term=0_911178eb16-%5BLIST_EMAIL_ID%5D

<https://brownstone.org/articles/the-decline-and-fall-of-the-university/>

<https://www.britannica.com/question/How-did-the-Han-dynasty-fall>

<https://newcriterion.com/issues/2000/6/barzun-on-the-west>

https://www.jamesgmartin.center/2023/01/when-discipline-specific-accreditors-go-woke/?utm_source=NAS+Email+General&utm_campaign=911178eb16-EMAIL_CAMPAIGN_2023_02_02_01_29&utm_medium=email&utm_term=0_911178eb16-%5BLIST_EMAIL_ID%5D

https://en.wikipedia.org/wiki/From_Dawn_to_Decadence

<https://www.theguardian.com/books/2001/mar/03/history.art>

<http://www.psychologicalscience.org/news/releases/are-the-wealthiest-countries-the-smartest-countries.html>

https://www.researchgate.net/publication/220014360_Rindermann_H_Sailer_M_and_Thompson_2009_The_impact_of_smart_fractions_cognitive_ability_of_politicians_and_average_competence_of_peoples_on_social_development_Talent_Development_and_Excellence_1_3-25

https://www.researchgate.net/publication/251531234_National_IQs_and_their_demographic_correlates/citation/download

https://www.researchgate.net/publication/271074512_The_Rise_of_Modern_Industrial_Society_The_cognitive-developmental_approach_as_a_new_key_to_solve_the_most_fascinating_riddle_in_world_history/citation/download

https://www.researchgate.net/publication/256979482_National_IQs_A_Review_of_Their_Educational_Cognitive_Economic_Political_Demographic_Sociological_Epidemiological_Geographic_and_Climatic_Correlates/citation/download

https://www.researchgate.net/publication/296678828_Evolution_IQ_and_Wealth/citation/download

https://www.worldhistory.org/Mycenaean_Civilization/

https://www.researchgate.net/publication/289964036_IQ_and_global_inequality/citation/download

https://www.upi.com/Odd_News/2003/10/16/QA-Charles-Murrays-Human-Accomplishment/63221066339488/

<https://www.amren.com/news/2019/10/race-differences-in-intelligence-richard-lynn/>

<https://www.amren.com/news/2020/07/racial-transformation-britain-enoch-powell/>

<https://www.amren.com/news/2017/10/arthur-jensen-helmuth-nyborg-genetics-intelligence/>

<https://www.amren.com/archives/back-issues/december-2010/#article2>

<https://www.amren.com/news/2018/09/genetic-differences-justify-racism-luigi-luca-cavalli-sforza/>

<https://www.amren.com/news/2019/07/racial-differences-in-intelligence-personality-and-behavior/>

<https://www.amren.com/author/lynn/>

<https://human-intelligence.org/race-differences-in-intelligence/>

<https://www.encyclopedia.com/social-sciences/applied-and-social-sciences-magazines/scarr-sandra-wood>

<https://www.youtube.com/watch?v=SUC2Xk2YW9M>

https://www.youtube.com/watch?v=21h_2RyQKRU

https://www.youtube.com/watch?v=2wUY7f_Kld0

<https://www.youtube.com/watch?v=sAax6RFGXac>

<https://www.foxnews.com/story/dna-discoverer-blacks-less-intelligent-than-whites>

https://www.researchgate.net/publication/38061313_Men_and_Things_Women_and_People_A_Meta-Analysis_of_Sex_Differences_in_Interests

<https://politiken.dk/debat/kroniken/art8016815/Hvorfor-n%C3%A6gter-lighedsfundamentalister-at-se-i-%C3%B8jnene-at-der-er-forskell-p%C3%A5-m%C3%A6nd-og-kvinder-ogs%C3%A5-n%C3%A5r-det-g%C3%A6lder-arbejde-og-karriere>

<https://jyllands-posten.dk/debat/kronik/ECE8567102/frygt-danmarks-fremtid/>

<https://jyllands-posten.dk/debat/kronik/ECE9195433/evolutionsbiologer-der-er-en-lang-raekke-fejl-i-nyborgs-viden-om-og-fortolkning-af-evolutionsbiologisk-forskning/>

<https://jyllands-posten.dk/debat/breve/ECE9188003/misbrug-af-naturvidenskab-i-demokratidebatten-den-kolde-vinterteori-er-videnskabeligt-fupmageri/>

<https://www1.udel.edu/educ/gottfredson/reprints/1994egalitarianfiction.pdf>

<https://www.information.dk/moti/2017/06/hvorfor-kvinder-stadig-fanget-glasloftet-tre-grunde>

<https://www.iltalehti.fi/uutiset/a/2015082220222292>

https://en.wikipedia.org/wiki/Richard_Lynn

https://en.wikipedia.org/wiki/Mainstream_Science_on_Intelligence

<https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/03075079.2020.1723533>

<https://www.pnas.org/doi/10.1073/pnas.1418878112>

<https://onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.1002/jnr.23862>

<https://psycnet.apa.org/doiLanding?doi=10.1037%2F0022-3514.94.1.168>

<https://www.stil.dk/aktuelt/uvm/2018/feb/280228-nedbrydning-af-koensstereotyper-skal-faa-pigerne-med-paa-den-teknologiske-udvikling>

<https://journals.plos.org/plosone/article?id=10.1371/journal.pone.0002106>

<https://www.facebook.com/TheScoop.Politics/posts/pfbid02UkcpDs1rtNVNKH92sqem5gxVjLr4BB3W842CF6vuVzgp9jA5FbBFQj4fHtDPHmil>

<https://academic.oup.com/sf/article-abstract/85/4/1483/2234883>

[https://en.wikipedia.org/wiki/Head_Start_\(program\)](https://en.wikipedia.org/wiki/Head_Start_(program))

<https://www.theatlantic.com/politics/archive/2017/03/middlebury-free-speech-violence/518667/>

<https://www.theatlantic.com/politics/archive/2017/02/everyone-has-a-right-to-free-speech-even-milo/515565/>

<https://link.springer.com/article/10.1007/s10508-010-9618-z>

https://helmuthnyborg.dk/wp-content/uploads/2016/07/Publ_2003_The-sociology-of-psychometric-and_chapter-20.pdf

<https://theconversation.com/china-now-publishes-more-high-quality-science-than-any-other-nation-should-the-us-be-worried-192080>

https://helmuthnyborg.dk/wp-content/uploads/2016/07/Publ_1994_Sex-Hormones-and-Society_Book.pdf

<https://www.weekendavisen.dk/2020-32/samfund/hop-paa-stedet>

https://helmuthnyborg.dk/wp-content/uploads/2016/10/Publ_1994_The-neuropsychology-of-sex-related-differences.pdf

<https://journals.plos.org/plosone/article?id=10.1371/journal.pone.0029265>

<https://web.archive.org/web/20120722020238/http://psychology.uwo.ca/faculty/rushtonpdfs/pppl1.pdf>

<https://arthurjensen.net/wp-content/uploads/2014/06/How-Much-Can-We-Boost-IQ-and-Scholastic-Achievement-OCR.pdf>

<https://psykologisk.no/sp/2018/08/e6/>

<https://www.forskerforum.no/anerkjent-tidsskrift-vil-hindre-krenkende-forskning/>

<https://www.akademikerbladet.dk/aktuelt/2022/september/foerende-videnskabeligt-tidsskrift-bliver-woke-vil-afvise-kraenkende-forskning>

<https://www.amazon.com/Dysgenics-Deterioration-Populations-Evolution-Intelligence/dp/0275949176>

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0191886911001073>

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0018506X08000949>

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0191886911001073>

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S019188690400385X>

https://www.researchgate.net/publication/323890725_Population_projections_for_Sweden_Norway_Denmark_and_Finland_2015-2065

<https://www.economist.com/britain/2021/06/05/a-parallel-society-is-developing-in-parts-of-muslim-britain>

<https://gwern.net/docs/iq/high/smpy/2007-lubinski.pdf>

<https://www.micheletribalat.fr/435984667>

https://www.standaard.be/cnt/dmf20220904_97648086

<https://folkbladet.se/debatt/artikel/om-45-ar-ar-de-etniska-svenskarna-i-minoritet-i-sverige/rgqw68xl>

[file:///C:/Users/arnar/Downloads/Decrease%20of%20intelligence%20\(IQ\)%20in%20the%20Nordic%20countries%20due%20to%20immigration%20Bull.%20of%20Geogr.%20final%20with%20name.pdf](file:///C:/Users/arnar/Downloads/Decrease%20of%20intelligence%20(IQ)%20in%20the%20Nordic%20countries%20due%20to%20immigration%20Bull.%20of%20Geogr.%20final%20with%20name.pdf)

<https://www.gatestoneinstitute.org/19127/multiculturalism-national-identities>

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0160289604000522>

<http://emilkirkegaard.dk/da/wp-content/uploads/Nyborg-sag2-UVVU-afg%C3%B8relse.pdf>

<https://retractionwatch.com/2013/11/13/citing-scientific-dishonesty-danish-board-calls-for-retraction-of-controversial-paper-on-decline-of-western-civilization/>

<https://www.theoccidentalobserver.net/2011/05/05/helmuth-nyborg-on-the-genetic-decline-of-western-civilization-denmark-as-a-cast-study/>

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S019188690400385X>

<https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0191886911001073>

https://www.youtube.com/watch?v=2wUY7f_Kld0

<https://altcensored.com/watch?v=02vvYDxXQ3w>

<https://uniavisen.dk/koensfordelingen-paa-de-videregaaende-uddannelser-er-pilskaev-det-er-et-stort-samfundsproblem/>

<https://www.youtube.com/watch?v=ksggKZfEfNM>

https://bettinaarndt.substack.com/p/feminism-was-never-about-equality?utm_source=substack&utm_medium=email

https://helmuthnyborg.dk/wp-content/uploads/2016/09/Kronik_2012_Vestligelande-bliver-dummere-dag-for-dag-5.pdf